

Nánar um helstu breytingar frumvarps til laga um pósthjónustu

Breytingarnar sem hér eru lagðar til í lagafrumvarpi um pósthjónustu eiga sér langan aðdraganda. Lagt til að stigið verði lokaskrefið í afnámi einkaréttar hins opinbera á sviði pósthjónustu en pósthjónusta hér á landi hefur hingað til lotið einkarétti ríkisins.

Með lögum nr. 31/1940 var einkaréttur skilgreindur fyrir lokaðar áritaðar bréfasendingar allt að 2 kg. Með lögum nr. 142/1996 var póstillskipun Evrópusambandsins 97/67/EB innleidd í íslenskan rétt (hér eftir nefnd póstillskipunin), þar sem öllum þegnum var tryggð grunnþjónusta. Árið 1998 var dregið úr einkarétti ríkisins og einkarétturinn bundinn við 250 g bréfasendingar. Í núgildandi lögum nr. 19/2002 er miðað við að bréf undir 50 g séu háð einkarétti, sbr. tilskipun 2002/39/EB. Í meðfylgjandi frumvarpi er lagt til afnám einkaréttar sem byggist á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/6/EB um breytingar á póstillskipun 97/67/EB (þriðja póstillskipunin). Auk þess að lagðar eru til breytingar á starfsumhverfi pósthjónustunnar er jafnframt lagt til að eftirlit með pósthjónustu verði einfaldað, m.a. varðandi eftirlit með gjaldskrá alþjónustu. Öll önnur ríki innan EES hafa þegar innleitt tilskipunina og fellt einkarétt hins opinbera á pósthjónustu úr gildi.

Markmið frumvarpsins er að tryggja hagkvæma, virka og áreiðanlega pósthjónustu hér á landi m.a. með því að tryggja notendum aðgang að alþjónustu eins og hún er skilgreind og með því að efla samkeppni á markaði fyrir pósthjónustu með því að afnema einkarétt ríkisins. Tilgangur einkaréttar hefur ávallt verið að standa undir kostnaði við og viðhalda alþjónustu í pósthjónustu. Með minnkandi póstmagni getur einkaréttur ekki lengur staðið undir kostnaði við að viðhalda alþjónustu miðað við óbreytta þjónustu innan alþjónustu.

Með bættum fjarskiptum og samgöngum hefur á undanförunum árum dregið úr mikilvægi pósthjónustu hér á landi, sér í lagi hvað varðar dreifingu á hefðbundnum bréfum, s.s. útsendingu á reikningum, launamiðum og öðru slíku. Kannanir árin 2012 og 2015 leiddu bersýnilega í ljós að þarfir notenda hafa breyst og dregið hefur úr eftirspurn eftir þjónustu. Aftur á móti hefur samkeppni í bögglaendingum aukist og vísbendingar eru um að með aukinni vefverslun muni bögglaendingum fjölga áfram.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að tryggja aðgang að alþjónustu en þó að þjónustan taki mið af þörfum notenda og eftirspurn eftir þjónustu. Lagt er til að gerð verði markaðskönnun til að athuga hvort pósthjónustu verði við komið á markaðslegum forsendum. Reynist svo ekki vera er heimilt að bjóða út alþjónustuna. Komi í ljós að ekki reynist hagkvæmt og skilvirkt að bjóða þjónustuna út er heimilt að útnefna alþjónustuveitanda. Hafi alþjónustuveitandi verið útnefndur getur hann óskað eftir fjárstuðningi frá hinu opinbera vegna alþjónustu sem telst vera ósanngjörn fjárhagsleg byrði.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á stjórnslu hins opinbera en lagt er til að dregið verði úr eftirliti á pósthjónustu. Eftir sem áður fer Póst- og fjarskiptastofnun með eftirlit með framkvæmd laganna. Lagt er til að dregið verði úr gjaldskráeftirliti og ekki gerð krafa um að stofnunin samþykki gjaldskrá alþjónustuveitanda fyrirfram. Þetta þýðir að markaðsaðilar hafa meira frelsi til að ákveða verð og fyrirkomulag pósthjónustu. Stofnunin hefur engu að síður heimildir til inngrips, reynst þess þörf, enda eiga notendur rétt á að alþjónusta sé á sanngjörnu verði.

Reikna verður með að einhver kostnaður geti fallið á ríkissjóð verði frumvarpið að lögum. Það mun þó ekki liggja fyrir hversu mikill kostnaður fyrr en að lokinni markaðskönnun og

eftir atvikum að loknu útboði eða útnefningu leiði markaðskönnun í ljós þörf til að tryggja notendum aðgang að alþjónustu með þeim hætti sem kveðið er á um í lögnum.

Með þessum breytingum er stuðlað að samkeppni en um leið er notendum tryggður aðgangur að alþjónustu. Ætla má að umtalsverður ávinningur skapist af samkeppni og svigrúmi á sviði pósthjónustu sem getur leitt til vöruþróunar og nýsköpunar og nýjunga á póstmarkaði.